

Reykjavík, sæti fangelsi í 12 mánuði og greiði kr. 509.000 í fésekt til ríkissjóðs. Refsivist til frádráttar komi sá tími, er ákærði Runólfur Þór sætti gæsluvarðhaldi, eða 14 dagar, en í stað sektar 40 daga fangelsi, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar af Sigurður Páll Sverrisson kr. 150.000 og ákærðu Runólfur Þór Jónsson og Halldór Snorri Bragason kr. 75.000 hvor til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns. og sömu upphæðir í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 10. júní 1982.

Nr. 79/1980. **Fiskiðjan h.f.**

(Grétar Haraldsson hrl.)

gegn

Guðmundi Hanssyni Wium

og gagnsök

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Hafning gagnsakar. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Fjárnámssgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 21. s. m. Hann krefst aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að felld verði úr gildi fjárnámssgerð fógetaréttar Keflavíkur 25. mars 1980 fyrir hinum dæmdu fjárhæðum og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 4. september 1980. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frestur til áfrýjunar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar var liðinn, þegar gagnáfrýjunarstefnan var gefin út. Gagnáfrýjandi hefur ekki aflað sér áfrýjunarleyfis og hafði ekki heldur heimild til gagnáfrýjunar samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa gagnsökinni sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi krefst í málinu hálfrar kauptryggingar stýrimanns á m/s Keflvíkingi, KE 100, fyrir tímabilið 1. janúar til 15. mars 1978 og viðurkenningar á sjóveðrétti fyrir umkrafinni fjárhæð. Af hálfu aðaláfrýjanda var ekki sótt dómþing í héraði. Málið var rekið á bæjarþingi Keflavíkur, en eftir ákvæðum 1. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936 bar að fara með það og dæma í sjó- og verslunardómi. Bar héraðsdómara því að vísa því ex officio frá bæjarþinginu. Samkvæmt þessu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Ber þá einnig að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Málskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Gagnsök er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 28. janúar 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 27. nóv. sl., gegn Fiskiðjunni h/f, Hafnargötu 91, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 587.160 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1979 og 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að

skaðlausu samkv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ. Þá er krafist viðurkenningar á sjóveðrétti í Keflvíkíngi, KE 100, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna þess, að stefnandi hafði verið stýrimaður á vélbátnum Keflvíkíngi, KE 100, um árabíl, þegar ákveðið var á árinu 1977, að skipið færi til Danmerkur til breytingar. Var áætlað, að skipið yrði í ca fjóra mánuði ytra, og fór það utan í sept. 1977. Var svo um samið, að stefnandi fengi hálfa tryggingu greidda til áramóta, en fulla tryggingu eftir áramót. Um áramótin 1977 og 1978 hafði skipstjórinn, Einar Guðmundsson, samband við stefnanda og tjáði honum, að skipið yrði tilbúið um miðjan jan., og það skipstjórinn stefnanda að ráða sig ekki annað, a. m. k. ekki fyrst um sinn. Skipið var þó ekki tilbúið fyrr en í maímánuði 1978, og telur stefnandi, að honum beri kauptrygging samkv. framan-sögðu úr hendi stefnda fyrir tímabilið 1. janúar 1978 til 15. mars 1978, samtals kr. 587.160 auk vaxta og kostnaðar.

Með bréfum, dags. 6. febrúar 1979 og 16. maí 1979 svo og 9. júlí 1979, var stefndi krafinn um greiðslu skuldarinnar, en án árangurs.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 103.000.

Dóminn kvað upp Sveinn Sigurkarlsson fulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskiðjan h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Hanssyni Wíium, kr. 587.160 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og loks 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 103.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá er staðfestur sjóveðréttur í m/b Keflvíkíngi, KE 100, fyrir tildæmdum kröfum í máli þessu.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 25. mars 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 25. mars, var fógetaréttur Keflavíkur settur í skrifstofu Fiskiðjunnar h/f við Hafnargötu og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Sveini Sigurkarlssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 129/1980: Guðmundur Hansson Wium gegn Fiskiðjunni h/f.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Jón G. Briem hér- aðsdómslögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur, uppkveðinn 23. janúar 1980, og krefst fjárnáms til tryggingar dómskuldinni, kr. 587.160, auk 3% mánaðarvaxta frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 4% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, en 4.5% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, kr. í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 103.000 í málskostnað, kr. 7.100 í birtingar- og endurritskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Forstjóri gerðarþola, Hilmar Haraldsson framkvæmdastjóri, er mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhluta fóget- ans (svo) og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kvaðst ekki geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjár- náms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varð- aði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mættur bendir á eftirtalda muni til bifreiðina Ö 734, Mercedes Bens áætlunarbifreið (sic), fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindri eign til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna stjórn gerðarþola gerð- ina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsíabyrgð að lögum.

Upplesið jatað rétt bókað.

Gerðinni lokið.